

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um sameiningu löggregluembætta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig er hártað undirbúningi að sameiningu löggregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu?*
2. *Hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu höfuðstöðva hins nýja embættis?*

Undirbúnингur fyrir sameiningu löggregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið yfir frá miðju síðasta sumri. Miklar breytingar eru framundan á höfuðborgarsvæðinu þar sem þrjú stór löggreglulið verða að einu frá og með næstu áramótum.

Löggreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu var skipaður um mitt síðasta sumar og hefur hann það hlutverk fram að áramótum að undirbúa stofnun hins nýja embættis. Það starf hefur verið viðamikið og tekið til margra þáttu og verður nú gerð grein fyrir þeim helstu.

Í fyrsta lagi hefur grundvallarstefna hins nýja embættis verið mótuð, svo og skipulag og skipurit, sem ráðherra staðfesti til bráðabirgða hinn 5. október sl. Meginmarkmiðið er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dveljast á höfuðborgarsvæðinu, auk þess er stefnt að fækkan afbrota á nánar skilgreindum sviðum. Nokkrir lykilþættir eru skilgreindir af hálfu hins nýja embættis til að ná þessum markmiðum en þar á meðal eru aukin sýnileg löggaæsla, efld hverfa- og grenndarlöggæsla og forvarnastarf í samvinnu við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Jafnframt er að því stefnt að bæta gæði og auka skilvirkni við rannsóknir sakamála. Er til dæmis fyrirhugað að við embættið verði starfrækt sérstök rannsóknardeild, og hefur þeim áformum verið fagnað sérstaklega af þeim sem vel til þekkja á því sviði. Þá eru áform um að efla umferðarlöggæslu með því að hafa sérstaka umferðardeild hjá hinu nýja embætti, bæði til halda utan um sérhæfða almenna löggaæslu og rannsóknir mála á þessu sviði. Fjölmörg önnur dæmi mætti rekja af þessu tagi en þessar áherslur og skipulag undirstrika það meginmarkmið að auka öryggi og öryggistilfinningu borgaranna á öllum sviðum.

Í öðru lagi hefur verið unnið að þessum undirbúningu í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Löggreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hefur fundað sérstaklega með forsvarmönnum sveitarfélaganna á svæðinu, félagsmálayfirvöldum, hverfaráðum og íbúasamtökum.

Í þriðja lagi hefur verið unnið að þessum breytingum með aðkomu og þátttöku væntanlegra starfsmanna hins nýja embættis í gegnum sérstaka ráðgjafanefnd, en þar eiga starfsmenn og stéttarfélög fulltrúa. Ráðgjafanefndinni stýrir Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, en hann stýrir innleiðingu breytinga á skipulagi löggreglunnar á landinu öllu sem sérstakur verkefnisstjóri í ráðuneytinu.

Undir hið nýja embætti falla allar eignir löggregluembættanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu: Þrjár löggreglustöðvar í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík auk svæðisstöðva í Mosfellsbæ, Grafarvogi, Breiðholti, Seltjarnarnesi og Garðabæ. Verða allar þessar stöðvar

nýttar en höfuðstöðvar embættisins verða a.m.k. til að byrja með á Hverfisgötu 113–115 í Reykjavík.

Nýbyggingar í þágu fangelsa er forgangsverkefni í byggingarmálum hjá ráðuneytinu, þar á meðal bygging nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu. Spurning er hvort hagkvæmt er að huga að nýjum höfuðstöðvum fyrir löggregluna á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi. Slíkt sambýli er vel þekkt í nágrannalöndum okkar og hefur reynst vel bæði faglega og fjárhagslega.